

Skýrslutæknifélagið

Fundargerð aðalfundar 1995

haldinn í Húsi Verslunarinnar 31. janúar 1995 kl. 15.

Viðstaddir voru sautján félagsmenn.

Halldór Kristjánsson setti fundinn og lagði til að Jóhann Gunnarsson yrði fundarstjóri. Samþykkt.

Fundarstjórinn stakk upp á ritara félagsins, Douglas Brochie, sem fundarritara. Samþykkt.

1. Skýrsla formanns

Halldór Kristjánsson flutti skýrslu formanns.

Engar voru umræður.

2. Skýrslur nefnda og faghópa

Magnús Hauksson skýrði frá starfsemi ritnefndarinnar.

Sigrún Helgadóttir skýrði frá starfsemi orðanefndar og verkefnistjórnar um endurskoðun Tölvuorðasafns.

Oddur Benediktsson skýrði frá starfsemi siðanefndar. Sagði hann að starfsemi nefndarinnar undanfarið ár hefði verið hefðbundið að því leyti að engir fundir hefðu verið haldnir og engin málefni komið til kasta siðanefndarinnar.

Svanhildur Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri sagði frá starfsemi faghóps um hlutbundna hugbúnaðargerð. Kom fram hjá henni að engin starfsemi hefði verið á vegum faghópsins.

Jónas Sturla Sverrisson skýrði frá starfsemi faghóps um öryggi og endurskoðun tölvukerfa. Í framhaldi af skýrslunni óskaði Halldór Kristjánsson fært til bókunar álit hans um að starfsemi faghóps hefði verið lofsverð.

Laufey Ása Bjarnadóttir skýrði frá starfsemi faghóps um greiningu og hönnun hugbúnaðarkerfa.

Anna Kristjánsdóttir sagði frá starfsemi IFIP og tækninefnda þess, og benti á gagnsemi starfsemi þeirra fyrir félagsmenn.

Halldór Kristjánsson skýrði frá starfsemi í stjórn Fagráðs um upplýsingatækni.

Haukur Oddsson skýrði frá starfsemi tölvunefndar á síðastliðnu ári.

5. Reikningar félagsins fyrir 1994

Bjarni Ómar Jónsson gjaldkeri lagði fram og kynnti ársreikning fyrir árið 1994. Var reikningurinn lesinn upp ásamt áritun endurskoðendanna. Reikningurinn var samþykktur samhljóða.

6. Ákvörðun félagsgjalda fyrir 1995

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórninni um að félagsgjöld fyrir 1995 yrðu óbreytt frá árinu á undan. Samþykkt.

7. Stjórnarkjör

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um stjórn og verkaskiptingu innan hennar. Kjörin voru:

Formaður til tveggja ára: Haukur Oddsson

Varaformaður til eins árs: Laufey Ása Bjarnadóttir

Ritari til tveggja ára: Douglas Brothie

Meðstjórnandi til tveggja ára: Þórður Kristjánsson

Varamenn í stjórninni til eins árs: Heimir Sigurðsson og Guðni Guðnason

8. Kosning endurskoðenda

Tillaga lá fyrir fundinum um að Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson yrðu endurkjörnir sem endurskoðendur. Tillagan var samþykkt með lófataki.

8. Kosning í siðanefnd

Lagt var til að Oddur Benediktsson, Gunnar Linnet og Sigurjón Pétursson yrðu endurkjörnir í siðanefnd félagsins. Var tillagan samþykkt.

9. Önnur mál

Haukur Oddsson tók til máls. Hann þakkaði fráfarandi formanni Halldóri Kristjánssyni fyrir starfið í þágu félagsins, nú síðast átta ára setu í stjórn þess.

Fundi slitið.

Fylgirit með fundargerð þessari:

"Skýrsla formanns: starfsárið 1994 - 1995" 31. janúar 1995

"Skýrsla formanns - viðauki"

"Félagssamþykkt"
"Siðareglur SÍ"
"Kjör í siðanefnd"
"Félagsgjöld 1995 - tillaga"
"Stjórnarkjör"
"Kjör endurskoðenda"
"Ársreikningur 1994"

Ritari:

Formaður:

Douglas Brotchie

Halldór Kristjánsson